



Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	1. apríl 2025 kl 22:00	Stig:	Neyðarstig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	dagbjartur@ferdamalastofa.is	Sími:	659 9099



- Kvikuhlaup hófst um kl 06:30 í morgun sem endaði með að eldgos hófst um kl 10:00. Gosið kom upp sunnarlega á Sundhnúkagígaröðinni en var ekki mjög öflugt
- Snemma fór að draga verulega úr eldgosinu og má segja að gos hafi verið svo til lokið um kl 17:00.
- Gossprungan fór í gegnum varnargaðrða Norður af Grindavík en náði ekki nægilega sunnarlega til að hraun rynni inn í Grindavík að sinni.
- Um kl 21:00 ríkti enn töluverð óvissa um þróunina á norðurenda kvikugangsins. Mikið er um jarðskjálfta þeim megin og telja menn samkvæmt jarðskjálftamælingum og GPS gögnum nær kvikugangurinn nú um það bil 20 km til norðausturs.
- Jarðskjálftar með upptök á 4–6 km dýpi mælast við norðurhluta gangsins, í um það bil 2,5 km fjarlægð frá Reykjanesbraut, suður af Vatnsleysuströnd. Mat Veðurstofunnar er að enn sé veruleg óvissa varðandi áframhaldandi skjálftavirkni og því er áfram mælt með háu viðbúnaðarstigi.
- Á meðan kvika heldur áfram að streyma úr Svartsengiskerfinu inn í ganginn er mögulegt – þó ekki mjög líklegt – að nýtt gos geti hafist innan fárra kílómetra frá Reykjanesbraut, til dæmis nærri Grindavíkurgjá. Ef þrýstingur í kvikuganginum eykst getur virkni einnig hafist á ný sunnanmegin, rétt norðan við Grindavík sem og annars staðar yfir ganginum.
- Sérfræðingar Veðurstofuna fylgjast náið með hvernig jarðskjálftavirkni og aflögunarmælingar þróast í kvöld og nótt. Næsti vísindastöðufundur er á morgun, 2. apríl. Veðurstofan er með sólarhringsvakt ef þörf er á frekari upplýsingum.



Upplýsingar frá Samhæfingastöð

Uppfært 1. apríl 2025 kl 22:00

Hverjir?

Eins og staðan er núna er engin í bráðri hættu. Búið er að að rýma Grindavík og Svartsengissvæðið (Bláa Lónið ásamt hótelin og virkjun). Það tók um það bil 30 mínútur að rýma hótelin á Bláa Lóns svæðinu.

Hvað?

Eins og staðan er núna er hraunflæði upp á yfirborð hætt. Ennþá er virkni í Norður enda kvikugangsins. Töluvert af jarðskjálftum á því svæði.

Innviðir hafa ekki orðið fyrir barðinu á hraunfæði þegar þetta er skrifað. Aftur á móti þá var mun meira af jarðskjálftum sem fylgdu þessu kvikuhlaupi en síðustu gosum og því urðu sprungumyndanir á svæðinu sem hafði það í för með sér að hitaveita rofnaði innan Grindavíkur.

Lokun er á Grindavíkurvegi við Seltjörn, Nesvegi við Brimketil og Suðurstrandarveg við Krýsuvíkurveg.



Hvenær?

Ljóst er að atburðurðinum er ekki lokið á meðan að allar þessar jarðhræringar eru í gangi á norður enda kvikugangsins. Því er erfitt að segja til um hvort að eldgosi sé lokið í bili eða muni hugsanlega koma upp á öðrum stað.

Hvar?


Eldgosið er á Sundhnúksgígaröð nær frá ca 600m Norðaustur af Sýlingafelli í um 2 km til Norðausturs.

Hvernig?

Síðan að síðasta gos lauk á svæðinu hefur kvika verið að safnast fyrir í kvikuhólfi á um það bil 5 km dýpi undir Svartsengissvæðinu. Um kl 06:30 hófst atburðarásin með smáskjálftahrinu og um kl 09:45 hófst eldgos á Sundhnúksgígaröð. kl 22:55 var ljóst að kvikuhlaup var hafið. Eldgos hófst svo á Sundhnúksgígaröð kl 23:14. Gosmengunarspá má finna hér: <https://www.vedur.is/eldfjoll/eldgos->

[a-reykjanesi/gasmengun/](#) Næstu 24 tíma má gera ráð fyrir einhverri gasmengun til Austurs frá gosstöðvunum

Ísl. áhrif 24 klst – Þri 23:00



Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands

Uppfært 1. apríl 2025 kl 21:40

Af vefmyndavélum að dæma er engi gosvirkni að sjá á sprungunni sem opnaðist í morgun rétt norður af Grindavík. Einungis örlítill glóð greinist hér og þar á gosprungunni og í hraunbreiðunni.


Áfram mælist þó skjálftavirkni og aflögun vegna kvikuhreyfinga á norðaustur enda kvikugangsins sem myndaðist í dag. Í heildina hefur skjálftavirkni mælst á um 20 km löngu svæði, mælt frá suðurenda gossprungunnar að þeim stað þar sem skjálftavirknin er mest núna.

Skjálftavirknin er enn á talsverðu dýpi og engin merki eru um að kvikan sem er á ferðinni sé að leita til yfirborðs. Samkvæmt líkanreikningum síðdegis í dag var áætlað að um 15 milljónir rúmmetra af kviku höfðu þá hlaupið frá Svartsengi yfir í kvikuganginn undir Sundhnúksíggaröðinni og aðeins brot af því magni hefur skilað sér til yfirborðs. Áður en gos hófst höfðu um 22 milljónir rúmmetra bæst



við kvikusöfnunarsvæðið undir Svartsengi frá síðasta eldgosi og því er mögulegt að enn sé innistæða fyrir frekari kvikuhreyfingum.

Á meðan áfram mælist jarðskjálftavirkni og aflögun í kvikuganginum þarf að reikna með að ný gossprunga gæti opnast. Líklegast er að sú opnun yrði á þeim slóðum þar sem skjálftavirknin er mest núna. Ef til gosopnunar kæmi er mögulegt að því fylgi talsverð skjálftavirkni sem til að mynda íbúar í Vogum yrðu varir við.



Kort sem sýnir yfirfarna skjálfta á Reykjaneskaganum frá því kl. 6 í morgun, 1. apríl.

Frá Ferðamálastofu Uppfært 21. nóvember kl 18:00

Fulltrúi Ferðamálastofu fylgdist með starfssemi SST í kjölfar þess að gos hófst og hefur fylgst með framvindun mála síðan.

Samskiptateymi Ferðamálastofu, Íslandsstofu og Utanríkisráðuneytis hefur verið virkjað.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í dagbjartur@ferdamalastofa.is eða 6599099.



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board